

Fræðslufundur ÞFÍ í Þjóðminjasafninu

ÞFÍ efndi til fræðslufundar 21. nóvember 2019 í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands. Böðvar Guðmundsson rithöfundur flutti erindið *Híbýli vindanna & Lífsins tré – Tilurð tveggja sagna* fyrir fullu húsi. Á annað hundrað manns sótti fundinn.



Fjöldmenn var á fræðslufundinum



Böðvar Guðmundsson

Afmælishátíð Þjóðræknisfélagsins

Þjóðræknisfélag Íslendinga var stofnað 1. desember árið 1939 og fagnaði því 80 ára afmæli á liðnu ári. Í tilefni af því var afmælishátíð haldin á Þjóðræknisþinginu þann 25. ágúst á hótél Reykjavík Natura að viðstöddu fjölmenni.

Boðið var upp á ljúffengar veitingar af kaffihlaðborði og dagskráin var bæði skemmtileg, fræðandi og fjölbreytt. Formaður ÞFÍ setti þingið og síðan ávarpaði Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra þinggesti. Lilja var nýkomin að vestan þar sem hún tók þátt í hátíðarhöldunum í Mountain, Norður-Dakóta og Íslendingadeginum í Gimli, Manitóba. Ávörp fluttu einnig Anne-Tamara Lorre, sendiherra Kanada á Íslandi, Jeffrey Ross Gunter, sendiherra Bandaríkjanna, Beverly Arason-Gaudet, formaður Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi og Sunna Pam Furstenau, formaður Þjóðræknisfélags Íslendinga í Bandaríkjunum. Hjálmar W.



F.v. Guðrún Nordal, Jeffrey Ross Gunter, Hjálmar W. Hannesson, Sunna Pam Furstenau, Lilja Alfreðsdóttir, Anne-Tamara Lorre, Hulda Karen Daniëlsdóttir, Hugi Hreiðarsson, Beverly Arason-Gaudet, Svavar Gestsson

Hannesson fyrrverandi sendiherra og fyrrverandi formaður ÞFÍ flutti fróðlegt og skemmtilegt erindi sem bar heitið *Úr 80 ára sögu Þjóðræknisfélags Íslendinga*. Svavar Knútur Kristinsson trúbador söng nokkur hugljúf lög og var honum vel fagnað. Að loknu kaffihléi flutti Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar

í íslenskum fræðum erindið *Draumalandið*.

Hugi Hreiðarsson sagði frá Ráðgátuberbergi Sir William Stephenson sem mikil leynd hefur hvílt yfir en til stendur að opna fljótlega. Loks sögðu ungir íslenskir þátttakendur í Snorri West verkefninu frá ferð sinni á Íslendingaslóðir í Norður-Ameríku.

Halldór og Eydís heiðruð

Þann 24. febrúar sl. stóð félagið fyrir kaffisamsæti á Klömbrum, veitingahúsinu á Kjarvalsstöðum til heiðurs þeim Halldóri Árnasyni og Eydís Egilsdóttur. Þau hafa verið dyggir fulltrúar ÞFÍ í Snorrasjóði, Halldór var formaður sjóðsins í níu ár og Eydís aðalmaður í stjórn í sjö ár.



Myndlistarsýning á vegum IVP

International Visits Program (IVP) verkefninu er ætlað að stuðla að árlegum heimsóknaskiptum fyrirlesara og listamanna milli Íslands og Vesturheims. Þannig hafa íslenskir og vesturíslenskir rithöfundar og aðrir listamenn, fyrirlesarar o.fl. skipst á að ferðast um og segja frá sérsviðum sínum eða sýna verk sín hér á landi og fyrir vestan. Á vegum IVP í ágúst sem leið sýndu myndlistarkonurnar JoAnne Gullachsen og Mabel Sigurdson Tinguely sem báðar eru fæddar og uppaldar í Gimli, Manitóba og Inga Torfadóttir sem er fædd á Íslandi, verk sín í Borgarbókasafninu í Spönginni.



Í tilefni af opnun sýningarinnar bauð Sendiráð Kanada gestum upp á léttar veitingar. Anne-Tamara Lorre sendiherra sést hér spjalla við JoAnne Gullachsen og Mabel Sigurdson Tinguely.

Aðalræðismannsskrifstofan í Winnipeg



Formaður ÞFÍ heimsótti skrifstofuna í september og sést hér með aðalræðsmanni Þórði Bjarna Guðjónssyni, Jórunni Kristinsdóttur og Guy Stewart

Þjóðræknisfélagið hefur átt gott samstarf við aðalræðismannsskrifstofuna í Winnipeg og telur brýnt að hún verði starfrækt þar áfram og hlutverk hennar eftl. Í tilefni þess að 20 ár eru liðin frá stofnun aðalræðisskrifstofu Íslands í Manitóba í Kanada, ákvað Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra að fela Halldóri Árnasyni, fyrrverandi formanni Þjóðræknisfélagsins og Snorrasjóðs, að gera úttekt á starfseminni og leggja fram tillögur um hvernig mætti bæta hana. Úttektin er aðgengileg hér:

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/fret-tir/stok-frett/2020/01/31/Uttekt-a-starfsemi-adalraedisskrifstofunnar-i-Winnipeg/>

Afmælishátíð Snorraverkefnanna

Þriðjudaginn 23. júlí 2019 var haldið upp á 20 ára afmæli Snorraverkefnanna á Hofsósi. Þátttakendur í afmælisfagnaðinum voru u.þ.b. 40, þar af voru 14 Snorrar, tveir Snorri Alumni Internship og tíu fyrrum Snorrar. Að auki mættu stjórnarliðar Snorrasjóðs ásamt mökum. Í undirbúningsnefnd voru Halldór Árnason, Eydís Egilsdóttir og Julie Summers.

Í tilefni af afmælinu var gefið út vandað afmælisrit sem Julie Summers ritstýrði. Ritið má nálgast hér: https://issuu.com/snorriprogram/docs/20_years_of_snorri_finnal_144dpi?fbclid=IwAR00eAkRrXJvsH6yEH2_h4A_VLjTt-qHfPhFCNT_ri539opUyRHRVhquMMSA

Einnig gaf Almar Grímsson, fv. formaður ÞFÍ og Snorrasjóðs út ritið My Snorri Story þar sem hann segir frá aðdraganda að stofnun Snorraverkefnanna og starfsemi þeirra fyrstu árin.



Óvissa á fordæmalausum tímum

Vegna COVID-19 kórónaveirunnar var þingi Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi (INLNA) sem halda átti í apríl aflýst og sömuleiðis aðalfundi Þjóðræknisfélags Íslendinga hér á landi sem halda

átti 24. mars. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um dagsetningu aðalfundar ÞFÍ verður félagsmönnum send tilkynning þar að lútandi.

Snorrasjóður

Hulda Karen Daníelsdóttir tók við af Halldóri Árnasyni sem formaður Snorrasjóðs í nóvember 2019 og nýráðinn verkefnastjóri Snorraverkefnanna er Pála Hallgrímsdóttir.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á verkefninu en þar má til dæmis nefna að dvöl Snorranna hér á landi hefur verið stytta um eina viku. Snorrarnir dvelja nú hjá ættingjum í tvær vikur í stað þriggja eins áður.

Mikil óvissa er í kringum Snorraverkefni sumarsins og hefur til að mynda Snorri Deaf, Snorri West og Snorri Alumni Internship verkefnunum nú þegar verið aflýst.

Mikilvægi Snorraverkefnanna dylst engum því það eru ungu Snorrarnir sem taka munu við keflinu af okkur sem eldri erum og tryggja þannig áframhaldandi samskipti og samvinnu afkomenda Íslendinga beggja vegna hafsins.



Pála Hallgrímsdóttir



Þjóðræknisfélag Íslendinga í Vesturheimi (INLNA) efndi til Íslandsferðar dagana 14.-26. ágúst sl. sumar í tilefni af aldarafmæli félagsins. Fjöldmargir þátttakendur í ferðinni sóttu Þjóðræknisþing ÞFI.

Stjórn ÞFI

Formaður	Hulda Karen Daníelsdóttir
Fráfarandi formaður	Hjálmar W. Hannesson
Stjórnarmenn	Erin Jones, Gísli Sigurðsson, Jón E. Gústafsson, Sigurður Rúnar Jónmundsson, Soffía Óskarsdóttir, Þorvarður Guðlaugsson
Varamenn í stjórn	Helga Guðmundsdóttir, Kristín M. Jóhannsdóttir, Sandra Björg Ernudóttir
Fulltrúar frá Vesturheimi	Jóel Fridfinnsson, Sunna Olafson Furstenau